

Einingahús

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 21. september 2021

Kynningar: Húasmiðjan, BYKO.



Sveinn Enok til vinstri og Sveinn Halldór Skúlason til hægri, standa hér fyrir framan sýningarhús Húasmiðjunnar í Skútuvogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fullbúin heilsárs- og orlofshús í Húasmiðjunni

Húsin frá Húasmiðjunni hafa heldur betur slegið í gegn hjá íslenskum neytendum enda koma þau fullbúin með öllu frá gólfefnum, eldhús- og baðinnréttingum, til ljósa og heimilistækja. [2](#)

Fullbúnu húsinn henta hvort tveggja sem sumarhús eða heilsárshús, þau koma algerlega tilbúin á staðinn og þarf ekkert að gera nema setja þau á undirstöður og tengja inn vatn og rafmagn. Allt kemur tilbúið. „Það eru komin tvö ár síðan við í Húsasmiðjunni höfum þessa vegferð að bjóða upp á fullbúin hús sem koma tilbúin til kaupanda,“ segir Sveinn Enok Jóhannsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni, „og enn sér ekki fyrir endann á vinsældunum. Við ákváðum fyrst að taka inn einfaldar lausnir, þar sem við bjóðum upp á hús í einni einingu, allt að 52 fm að stærð. Viðskiptavinir voru greinilega þyrstir í þess háttar lausn því salan gekk algerlega vonum framár á síðasta ári. Húsasmiðjan getur svo boðið þessi hús á ótrúlega hagstæðu verði sem auðvitað ýtir enn undir vinsældirnar,“ segir Sveinn Enok.

Sveinn Halldór Skúlason, verkefnastjóri fagsölusviðs Húsasmiðjunnar, bætir við: „Í sumar ákváðum við að eyða enn meira púðri í fullbúnu húsinn og prófuðum að bjóða upp á stærri fullbúin hús frá 64 fm upp í 92 fm. Við vorum búin að setja saman heljarinnar auglýsingapakka til að auglýsa nýjungarnar, en þegar á hólminn var komið sáum við að það tók því varla að auglýsa. Við réðum varla við að taka niður pantanir því eftirspurnin var svo mikill.

Það kom okkur algerlega í opna skjöldu hve mikill áhuginn var. Ég er á því að þetta er að hluta til Covid-faraldrinum að þakka. Fólk hefur allt í einu tíma og fjármuni til að byggja sér sumarhús. Svo eru sumarhús orðin mjög góð fjárfesting því verðið á þeim fer bara hækkandi. Einmitt þessa vegna koma fullbúnu húsinn okkar svona sterk inn á markaðinn sem hagkvæmur, einfaldur og ódýr kostur. Þegar sumarhúsið er komið til landsins líða aðeins örfáir dagar uns fjölskyldan getur notið sín í sveitasælunni,“ segir Sveinn Enok.

Vinsæll og einfaldur kostur


Það er auðvelt að gera sér í hugarlund af hverju fullbúnu húsinn frá Húsasmiðjunni eru svo vinsæll kostur í dag. „Margir aðilar á markaðnum bjóða upp á einingahús, en það sem okkar hús hafa fram yfir einingahúsin er að þau koma algerlega tilbúin. Fullbúnu húsinn frá Húsasmiðjunni eru svokölluð „Key ready – Plug and play“-lausn, sem þýðir að þau eru samsett með öllu sem til þarf, raflögnum, pípu-lögnum og öðru, og það eina sem þarf að gera við þau á staðnum er að tengja þau við rafmagn, vatn og klóak,“ segir Sveinn Halldór.

Húsasmiðjan aðstoðar enn fremur viðskiptavinum við alla ferla sem falla fyrir utan verkahring Húsasmiðjunnar. „Við aðstoðum fólk og komum því í samband við verktaka sem getur steypt sökkla fyrir húsið og sett það saman á staðnum ef þess þarf,“ segir Sveinn Halldór.

Ennþá sér ekki fyrir endann á þessum mikla áhuga á fullbúnu húsunum. „Það er brjáláð að gera hjá okkur í þessu og nú erum við á fullu að undirbúa næstkomandi vetur, vor og sumar. Við erum með fjölda húsa sem við munum afhenda á næstu mánuðum og næstkomandi vor. Við stefnum á að fjölga valkostum umtalsvert og bjóða þannig upp á staðlaða kosti sem henta sem flestum. Það mun einfalda okkar störf sem og val viðskiptavina en einnig tryggja styttri og skilvirkari afgreiðslutíma,“ bætir hann við.

Margt í boði

Það hefur verið vinsælt hjá Íslendingum að kaupa fullbúnu húsinn og nota sem sumarbústaði. „Með stærri valkostum verður



Herbergin eru rúmgóð og björt.

Það sialgengara að nýta húsinn sem heilsárshús. Enda uppfylla fullbúnu húsinn frá Húsasmiðjunni öll þau skilyrði sem þarf hvað varðar byggingarreglugerðir, einangrunargildi, hurðarop, brunavarnir og annað.

Minnsta fullbúna húsið okkar er 15 fm stúdíóeining með baðherbergi og eldhúskrók. Einnig erum við með 40 fm einingu sem skiptist í tvær stúdíóbúðir. Þessa tegund hefur ferðaþjónustan mikið nýtt sér. Þá erum við með fjölda fyrirspurna og undirbúningsverkefna í gangi á Suðausturlandi fyrir ferðaþjónustuna þar,“ segir Sveinn Halldór.

„Stærstu fullbúnu húsinn okkar eru 92 fm einbýlishús og koma í tveimur hlutum sem þarf að setja saman á staðnum. Þá þarf að hífa einingarnar saman á sökkulinn, ganga frá saumum á milli, þaki og listum að innan. Þetta er verkþáttur sem er teljandi í dögum, en ekki vikum eða mánuðum eins og með

Húsinn koma fullbúin með rafmagni, pípu-lögnum og öllu. Í tilfelli stærri húsanna þarf rétt að klára frágang á milli eininganna að innan og utan.

Baðherbergið er stórglæsilegt og innréttað með hágæða hreinlætistækjum.



Fullbúnu húsinn frá Húsasmiðjunni eru björt og skemmtileg með stórum gluggum.

flóknari einingahús. Húsinn eru með þremur rúmgóðum herbergjum, baðherbergi og opnu eldhúsi og stofu. Það er skemmtilegt að segja frá því að fyrir stuttu seldum við enn eitt svona sem heilsárshús og var verið að taka það í notkun núna á dögnum í Tjarnabyggð á Selfossi,“ bætir Sveinn Enok við.

Vinaleg raðhús

Sveinn Enok minnst á þá tíma þegar algengt var að fólk byggði sín eigin hús. „Það er ekki langt síðan það var venjan. Oft tóku nokkrar vína-fjölskyldur sig saman og byggðu saman raðhús. Það finnst mér afar falleg og rómantísk hugmynd. Ég sé alveg fyrir mér að raðhúsabyggðir úr okkar húsum geti verið afar vænlegur kostur fyrir fólk sem vill byggja í dag. Við höfum nú þegar verið í viðræðum við tvö sveitarfélög um byggingu á raðhúsum sem kæmu á staðinn í fullbúnum einingum sem settar



væru saman á verkstað og tilbúnar til notkunar á innan við viku eftir samsetningu.“

Lægri flutningskostnaður

Húsasmiðjan þjónustar viðskiptavinum um land allt um fullbúin hús í fjölbreyttum stærðum og gerðum. „Stærð húsanna sem við bjóðum upp á í dag takmarkast í raun ekki við neitt annað en hurðaropið á verksmiðjunni,“ segir Sveinn og kímir. „Fullbúnu húsinn koma frá Litáen og eru öll afhent í höfn í Reykjavík af flutningaskipinu okkar sem flytur meðal annars evrópskt stál og timbur mánaðarlega frá Eystrasaltinu. Með því að flytja með okkar eigin skipi náum við að halda flutningskostnaði í lágmarki fyrir viðskiptavinum. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á vandaða lausn á hagstæðu verði og það skýrir auðvitað vinsældirnar.

Fullbúnu húsinn frá Húsasmiðjunni eru mun ódýrari kostur en að steypa upp hús frá grunni. Við höfum nú þegar reist tvö slík hús fyrir norðan. Svo eru þriðja og fjórða húsið á leiðinni þar upp núna í vor.

Það hefur jafnvel komið upp sú hugmynd að bjóða mönnum upp á að flutningaskipið stoppi fyrst við fyrir norðan og skili af sér húsum þar ef fleiri þar taka sig saman og panta á sama tíma. Það myndi strax minnka flutningskostnaðinn

Sýningarhús-næðið fyrir utan Húsasmiðjuna í Skútuvogi er glæsilegt. Um er að ræða 52 fm einingahús með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi og opnu eldhúsi og stofu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐÓR

Þeir Sveinn og Sveinn segja að vinsældir fullbúnu húsanna frá Húsasmiðjunni hafi komið skemmtilega á óvart.

sem og auðvitað minnka kol-efnissporið við flutninginn,“ segir Sveinn Halldór.


Spennandi nýjungar

„Helstu fréttir hjá okkur eru þær að stefnan er tekin á að byrja að bjóða samhliða upp á fullbúin hús frá öðru fyrirtæki, sem starfar meira inni á lúxusmarkaðnum. Við erum þessa dagana að ákveða hvaða lausnir henta íslenska markaðnum og erum að vinna með gríðarlega öflugum framleiðanda. Sá framleiðandi stílar inn á meiri munað í innréttingum og efnisvali. Sá valkostur verður þá eitthvað dýrari og höfðar frekar til viðskiptavina sem vilja enn meiri lúxus.

Þessi hús yrðu einnig „Key ready – Plug and play“ fullbúin hús eins og við bjóðum upp á í dag. Þá væri hægt að panta þau næstum eins og flatböku. Menn myndu velja liti á innréttingum, efni, og fleira. Þetta yrði allt sett upp í einfalt pöntunarform og þú sæir breytingarnar á húslikani á sama tíma. Í þessum pöntunarlista væri einnig hægt að panta hús sem er utan rafveitunets, og er þá útbúinn sólarpanell svo að hægt sé að vera sjálfum sér nógur um orku,“ segir Sveinn Enok að lokum. ■

Hægt er að sjá verð, teikningar og nánari upplýsingar á husa.is

STYTTU FERLIÐ Á HAGSTÆÐAN HÁTT



VELDU SMELLINN HÚSEININGAR

Dví fyrr sem húsnæðið rís því fyrr geturðu flutt inn. Smellinn forsteyptar einingar styttu byggingartímann. Snjall, traustur og fljótlegur kostur fyrir byggingaraðila sem vilja styttu leiðina heim.



Berið saman verð og gæði.
Íslensk framleiðsla tryggir öruggt ferli alla leið.

Sér gosið út um eldhúsgluggann í draumahúsinu



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

„Mér finnst ég hvern dag stödd í æðislegum draumi. Þetta er draumahúsið og allt innanstokks og utan er eins og ég vil hafa það; við gátum leyft okkur það,“ segir Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir leikskólakennari í Vogum á Vatnsleysuströnd.

Ragnhildur er nýflutt í höll drauma sinna; glæsilegt einbýlishús frá einingahúsaverksmiðjunni Tivo í Lettlandi. „Við maðurinn minn, Rúnar Vigfússon, tókum ákvörðun um að flytja til Voga fyrir tuttugu árum síðan. Við erum bæði fædd og uppalin á höfuðborgarsvæðinu en þegar börnin voru orðin þrjú þurftum við að stækka við okkur og sáum að í Vogum gætum við keypt einbýlishús fyrir íbúðarverð í bænum,“ upplýsir Ragnhildur. „Hér er dásamlegt að vera og við höfum aldrei séð eftir því að taka þetta skref og flytja í Voga. Því fylgdi í raun mikill léttir, hér er miklu minna stress en í bænum og náungakærleikurinn allsráðandi, hér er yndislegt að ala upp börn og allir hjálpast að í góðu samfélagi þar sem allir skipta máli.“

Yndislegt að búa í Vogum
Þegar Ragnhildur og Rúnar fluttu með börnin sín í Voga keyptu þau gamalt hús sem þau gerðu upp en þegar tvö af þremur börnum þeirra voru flogin úr hreiðrinu var kominn tími til að minnka við sig. „Þá kom aldrei annað til greina en að vera áfram í Vogum. Við ætl-uðum bara að minnka við okkur og kaupa lítið parhús, en það var ekki til og skortur á húsnæði til sölu í Vogum. Fólki líður svo vel hér suður með sjó og margir sem eru að flytja hingað úr bænum,“ greinir Ragnhildur frá. Þau Rúnar seldu fljótt gamla húsið sitt og þurftu að hafa hraðar hendur með framtíðarhúsnæði. „Við gátum ekki bedið lengi og fluttum inn á tengdaforeldra okkar í millitíðinni á meðan nýja húsið reis. Þegar upp var staðið minnkudum við ekki við okkur nema um níu fermetra. Við sáum fallegt einingahús rísa við sömu götu og nýja húsið okkar stendur nú við og leist afar vel á; þetta var ódýr kostur og innflytjandinn, Verslunarfélagið Emerald, bauð upp á flottar lausnir, svo við ákváðum að kaupa okkur lóð og byggja einingahús sem uppfyllti okkar óskir og drauma,“ segir Ragnhildur.



Framkvæmdir hófust í byrjun febrúar og nú er einungis vinna utanhúss eftir.



Í stórrí stofunni er bjart, hátt til lofts og vitt til veggja.



Baðherbergið er einstaklega hlýlegt og glæsilegt.

Húsið og vinnan við að reisa það var hræðilegt. Ég vil helst ekki nefna töluna en hún er vel undir verði ódýrrar tveggja herbergja íbúðar í höfuðstaðnum.



Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir

hjálpaði okkur mikið við húsbygginguna og benti á hvað við gætum gert sjálf í frágangi hússins, ef við vildum. Það er skemmtileg stemning og upplifun að gera þetta sjálfur, þótt ég sé ekki viss um að langa til að gera það aftur. Húsbyggingum fylgja ótal handtök sem maður gerir sér ekki grein fyrir í byrjun, og alls konar byggingarreglugerðir sem ekki má hvika frá í nýbyggingum.“

Sterkbyggð og vel einangruð hús
Þessa dagana eru Ragnhildur og Rúnar að koma sér fyrir í draumahúsinu, sem er nánast fullbúið. „Það er óneitanlega stór kostur að geta eignast nýtt hús og heimili á jafn skömmum tíma. Ég er ekki viss um að hlutirnir hefðu gerst svona hratt ef við hefðum farið hefðbundna leið og látið steypa nýtt einbýlishús,“ segir Ragnhildur, sæl í draumahúsinu sínu. „Þetta eru sterkbyggð hús sem þola íslenska veðráttu, vel einangruð og byggð samkvæmt ströngum, íslenskum byggingarstöðlum. Ef slíkt væri ekki fyrir hendi fengist ekki leyfi til að byggja þessi hús hér á landi og byggingarstjórnin setti ekki nafn sitt né ábyrgð við það,“ segir Ragnhildur.

Lóðina keyptu þau í nýju hverfi á vegum sveitarfélagsins í Vogum. „Við vorum heppin að fá eina af síðustu lóðunum í nýju hverfi, en hér eru nýjar lóðir mun ódýrari en á höfuðborgarsvæðinu. Við borguðum sex milljónir fyrir lóðina en sambærilegar lóðir í bænum kosta 20 milljónir,“ upplýsir Ragnhildur, en vegna vinsælda Voga hafa lóðir verið af skornum skammti. „Í undirbúningi er nýtt hverfi í skipulagi Voga en það er í eigu einkaaðila en ekki sveitarfélagsins og aðallega selt til verktaka, allt að 2.000 manna byggð.“ Húsið frá Tivo og vinnan við að reisa það var hræðilegt, eins og Ragnhildur orðar það. „Ég vil helst ekki nefna töluna en hún er vel undir verði ódýrrar tveggja herbergja íbúðar í höfuðstaðnum. Innfalið var hús með gluggum og hurðum, og vinna við uppsetningu þess. Því fylgdi fæði og húsnæði fyrir smiðina frá Lettlandi, og var alls ekki hár kostnaður þegar á heildina er lítið.“

Spennandi garðrækt fram undan
Þau hjónin eru ein í nýja kotinu, en einn sona þeirra er enn með annan fótinn heima. „Það fer ákaflega vel um okkur og í raun er allt tilbúið fyrir utan smottirí sem við biðum eftir frá Ikea í eldhúsinnréttinguna. Nú erum við í frágangi á lóðinni og svo tekur við að rækta upp garðinn. Við vorum með yndislegan garð við gamla húsið, en okkar helsta áhugamál er einmitt garðrækt og við erum spennt fyrir því,“ segir Ragnhildur, þar sem hún horfir dreymin út um eldhúsgluggann. „Ég er ánægðust með eldhúsið, sem ég vildi hafa stórt með góðri vinnuástöðu og nægu pláss fyrir stórfjölskylduna. Alrýmið er líka dásamlegt og býður upp á skemmtilegar samverustundir með börnun og barnabörnun. Það er það sem við vildum. Þá er staðsetningin algjörlega frábær og við sjáum gosið út um eldhúsgluggann.“ ■



STEYPUSTÖÐIN

STERKARI EININGAHÚS

www.steypustodin.is

Lettar kunna húsagerðarlist vel
Nýja húsið Ragnhildar og Rúnars er 191 fermetri að stærð. „Húsbyggingin tók ótrúlega stuttan tíma. Framkvæmdir hófust 5. febrúar og í byrjun maí fluttum við inn í þrjú herbergi. Steyptur var húsgrunnur og menn frá Lettlandi komu til að reisa húsið og setja í það glugga, úti- og innihurðir. Vinnubrögðin voru fúmlaus og vönduð og ljóst að Lettarnir kunna þetta upp á tíu, enda eru þeir nú að byggja þriðja Tivo-húsið í götunni okkar. Þetta eru glæsileg og sterkbyggð hús og mikill kostur að kaupendur geta teiknað húsið sitt sjálfir, útlit þess, innra skipulag og allt sem vill. Svo taka við arkitektar og verkfræðingar, sem Emerald hefur á sínum snærum, að fullvinna teikningar, reikna út burðarþol og fleira sem þarf,“ útskýrir Ragnhildur. Unnið var út frá teikningu sem Emerald átti og var breytt að þörfum hjónanna. „Við vorum líka með íslenskan byggingarstjóra sem sá um alla aðra iðnaðarmenn, rafvirkja, pípu-lagningamenn og múrara. Hann



Halldór Þ. W. Kristinsson, söluráðgjafi tæknivara hjá BYKO, segir að stálgrindarhúsin séu hönnuð á Íslandi og gerð fyrir íslenskar aðstæður hvar á landinu sem þau eru staðsett.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐÓR


Stálgrindarskemmur fyrir íslenskt veðurfar

Hjá BYKO er nú mögulegt að kaupa staðlaðar stálgrindarskemmur sem framleiddar eru fyrir íslenskt veðurfar. Skemmurnar fást í fjórum stærðum og hægt er að gera smávægilegar breytingar á þeim eftir því sem viðskiptavinurinn óskar.


Þegar eru nokkrar staðlaðar BYKO skemmur komnar til landsins og eru nú í byggingarferli. „Staðlaðar stálskemmur stytta byggingartímann verulega þar sem hönnun húsanna er fullkláruð þegar gengið er frá kaupum,“ segir Halldór Þ. W. Kristinsson, söluráðgjafi tæknivara hjá BYKO.

Skemmurnar eru hannaðar af íslenskum verkfræðistofum, Eflu og Faglausn, og taka mið af ýrtruðu kröfum byggingarreglugerðar. „Í gegnum árin höfum við selt ýmsar gerðir og stærðir af stálgrindarhúsum en fundum út að mikill áhugi var á litlum og meðalstórum vélaskemmum á víðráðanlegu verði. Svo við ákváðum að slá til og láta hanna fyrir okkur staðlaðar skemmur í fjórum stærðum. Viðskiptavinurinn sparar bæði tíma og fjármuni við kaupun því hönnun húsanna er þegar til staðar. Viðbrögðin hafa verið vonum framar,“ segir Halldór.

„Stálskemmur eru hannaðar sem vélaskemmur eða geymsluskemmur og uppfylla allar kröfur byggingarreglugerðar um slík hús. Mögulegt er að gera smávægilegar breytingar á skemmunum, til dæmis að fjölga hurðum og gluggum eða nota þykkari einangrun, svo eitthvað sé nefnt. Mögulegt er að bæta við rennum ef þess er óskað. Gríðarlegur áhugi er á þessum stálskemmmum, enda bæði einfaldara og hagstæðara að byggja staðlaðar byggingar fremur



Húsin eru í fjórum stærðum; 80 m², 150 m², 250 m² og 350 m². Húsið á myndinni er 150 fermetrar.



Þetta er 250 fermetra hús.



Þetta er stærst, 350 fermetrar.



Svona líta húsin út fullgerð. Mögulegt er að gera smávægilegar breytingar á skemmunum, til dæmis að fjölga hurðum og gluggum.

en sérhannaðar,“ greinir Halldór frá og bætir við: „Stálgrindurnar eru heitgalvaniseraðar og eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsin eru í fjórum stærðum; 80 m², 150 m², 250 m² og 350 m². Þau eru klædd 60 mm PIR-yleiningum á vegg og 80/125 mm yleiningum á þök.“

Mögulegt er að velja liti á klæðningarnar að utan sem innan. Húsunum fylgja svo allar áfellur svo hægt er að ganga frá húsunum án þess að þurfa að sérsmíða þær hér heima.

Yleiningarnar festast á galvaniseraða z-prófila. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunn og vinnuteikningum, einni keyrsluhurð, einum glugga og tveimur gönguhurðum. Reyklosunargluggar eru á þaki sem hleypir inn birtu.

» Skemmurnar eru hannaðar af íslenskum verkfræðistofum, Eflu og Faglausn, og taka mið af ýrtruðu kröfum byggingarreglugerðar.

Nánari upplýsingar um þessar nýju stálgrindarskemmur má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið bondi@byko.is. „Við sendum þá um hæl kynningar-teikningar og svokallað samanburðarblað sem viðskiptavinurinn getur notað til þess að bera saman verð við aðra söluaðila,“ segir Halldór. ■

Undirbúningurinn skiptir öllu máli

Það krefst mikils undirbúnings að flytja einingahús milli landshluta. Nota þarf sérbúna bíla og eiga í samskiptum við ýmsa opinbera aðila.

starri@frettabladid.is

Það þarf að huga að ýmsu þegar einingahús eru flutt á milli landshluta. Tilbúin einingahús koma gjarnan með skipum til landsins og þau þarf ekki bara að flytja á sérútbúnum bílum heldur þarf að afla ýmissa leyfa og eiga gott samstarf við yfirvöld, þar á meðal lögregluna og Samgöngustofu, segir Daníel Sigurðarson, framkvæmdastjóri DS Lausna, sem hefur flutt einingahús hér á landi um margra ára skeið. „Þótt flutningurinn sjálfur sé alltaf krefjandi verkefni má segja að mesta vinnan liggi í undirbúningnum. Meðal leyfa sem þarf að útvega eru byggingarleyfi og flutningsleyfi, það þarf að eiga samskipti við lögregluna og Samgöngustofu upp á flutninginn sjálfan en lögreglan fylgir bílnum okkar eftir á áfangastað. Og svo eigum við auðvitað í samstarfi við kaupendur sjálfa.“

Reddingar hér og þar

Hefðbundið ferli fer þannig fram að einingahúsið er hið með krana af skipi á bilinn en fyrirtækið notar sérbúna vagna sem henta vel á þröngum sveitavegum og troðningum. „Að kvöldi dags mætir svo lögreglan og fylgir okkur úr



Öflugur krani sér um að hifa einingahúsin á grunninn. Allt ferlið tekur ótrúlega skamman tíma. MYND/ADSEND

þænum að áfangastað en yfirleitt leggjum við af stað úr borginni eftir klukkan 21 eða 22. Morguninn eftir eru húsin yfirleitt hífð á sökkla með sérstökum krana sem getur lyft jafnþungum einingum og húsin eru.“

Yfirleitt er verið að flytja einbýli og sumarhús en Daníel segir starfsmenn flytja allar gerðir af húsum. „Við höfum flutt allt að 200 fermetra einbýlishús þannig að þetta geta verið ansi stórar og þungar einingar. Stærri einingum fylgir að iðulega þarf að taka niður eitt og eitt skilti og standa í ýmsum smáreddingum hér og þar. Það hefur alveg komið fyrir að bilstjórar rekist á ljósastaur en heilt

yfir gengur flutningurinn yfirleitt áfallalaust fyrir sig.“

Sjálfur segist Daníel einblína mest á undirbúningsvinnuna þótt hann gangi í flest verk innan fyrirtækisins. „Ég er ekki mikið að keyra sjálfur þótt það komi alveg fyrir en oftast læt ég mér flinkari menn ganga frekar í þau verk.“

Stuttur verkþími

Hann segir það oft vera óvenjulega en um leið skemmtilega tilfinningu að sjá húsin komin á sinn stað á svo skömmum tíma. „Ferlið gengur yfirleitt svo hratt fyrir sig. Við hífum húsin oftast á grunninn um morguninn þannig að um kvöldið stendur húsið tilbúið að



Hér eru starfsmenn DS Lausna að flytja einingahús í fallegt sumarbústaðarland. MYND/ADSEND



Daníel Sigurðarson.

utan, oft meira að segja með sól-palli. Auðvitað er eftir að klára þau að innan en mörg þessara húsa koma líka með tilbúnum innréttingum og innanstokksmunum. Ég segi stundum í gríni að ég hafi náð að byggja eitt hús í dag, svo fljótt gengur vinnan fyrir sig. Verktíminn er því aðalatriðið ef við berum einingahúsin saman við hefðbundin hús sem eru smíðuð spýtu fyrir spýtu. Margir kjósa líka forsteypa sökkla undir húsin. Þá náum við yfirleitt að setja sökkulinn niður, flytja húsið á staðinn og setja upp daginn eftir á um 40 klukkutímum þetta er allt annað líf en að vera með smíði í vinnu í langan tíma.“

Sniðug og hagkvæm lausn

Hann segir alls konar fólk velja einingahús fram yfir aðra kosti. „Fyrst og fremst er þetta fólk sem kys skjótan byggingartíma. Kostnaðarlega eru einingahús líka oft hagkvæmari, sérstaklega sumarhúsin. Einingahúsum fylgir ekki þessi óvissa með breytilega þáttinn og því minni áhætta þegar kaupendur gera áætlanir sínar.“

Daníel spáir því að fleiri Íslendingar eigi eftir að velja slíkar lausnir í framtíðinni. „Auðvitað hangir þetta allt á kostnaðarhlíðinni en persónulega er ég í engum vafa um að einingahúsin séu mjög sniðug og hagkvæm lausn. Þau eru framleidd við kjöraðstæður inni í verksmiðju þar sem er minni hætta á göllum, ýmissi yfirsjón og jafnvel lekum. Í landi eins og Íslandi, þar sem þú veist aldrei hvort þú sért að fá tvo góða daga eða tuttugu góða daga í röð yfir byggingartímann, þá eru einingahúsin pottþétt snjöll lausn.“ ■

Persónulegur stíll gerir hús að heimili

Eitt af hlutverkum arkitekta og innanhússarkitekta er að þarfagreina og aðstoða viðskiptavinum við að byggja upp draumaheimili sín.

sjofn@frettabladid.is

Berglind Berndsen, innanhússarkitekt FHI, er þekkt fyrir hönnun sína og vandvirkni en markmið hennar er ætíð að skapa fallega umgjörð og örva upplifun fólks af hönnun rýmisins og innviðum þess. Sjálf hefur hún sinn persónulega stíl á sínu heimili og á sér fyrirmyndir.

Berglind er sjálfstætt starfandi með sitt eigið fyrirtæki á Fiskislóð. Hún lauk mastersgráðu í innanhússarkitektúr frá Fachochschule

Trier í Þýskalandi árið 2007 og M.Art.Ed.-gráðu frá Listaháskóla Íslands árið 2012. Hún er gift, mjög aktif í útivist og hreyfingu, tveggja barna móðir og býr á Sel-tjarnarnesi þar sem hún unir sér vel með fjölskyldu sinni.

Hvað heillar þig mest við starfið? „Fjölbreytileiki verkefna og allt það fólk sem ég kynnist í kringum verkefnin. Það er líka mjög gefandi og skemmtilegt að hverju verkefni fylgja nýjar áskoranir, nýir kunnar og nýir iðnaðarmenn. Einnig nýt ég þess að vera minn eigin herra,“ segir Berglind.

Getur lýst hefðbundnum vinnudegi hjá þér?

„Ég byrja að vinna klukkan átta alla daga vikunnar og vinn til fimm. Ég borða næringargóðan



Berglind Berndsen, innanhússarkitekt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

hafragraut alla morgna áður en ég fer til vinnu og fæ mér gott kaffi um leið og ég sest við tölvuna þar sem að ég gef mér um hálf tíma til að lesa ólesna pósta og bæta við í „To do“-lista dagsins. Oftast er ég búin að skipuleggja daginn fyrir fram svo hægt sé að dýndra sér strax í verkefnavinnu. Ég nær yfirleitt mesta flæðinu snemma á morgnana og til hádegis. Ég skipulegg mig því vel fyrir fram svo ég nái sem mestu út úr deginum. Ég skipulegg fundi á vissum dögum vikunnar svo ég sé ekki fram og til baka allan daginn, annars yrði lítið úr vinnu. Svo tek ég mér oftast 30 mínútna hádegishlé en stundum gerum við krakkarnir á stofunni vel við okkur og förum út í hádeginu. Ég reyni líka alltaf að taka æfingu fyrir eða strax eftir vinnu.“

Er eitt verkefni sem þú hefur tekið þátt í í meira uppáhaldi en annað?

„Öll verkefni sem ég tek að mér eru mér jafn mikilvæg, hvort sem

þau eru lítil eða stór. Það eru þó alltaf einhver verkefni sem standa mér mjög nærri og þá helst fyrir fyrir það trausta og góða samband sem ég á við kunnana mína og alla þá sem að verkinu koma. Kunnarnir hafa þá í flestum tilfellum lagt allt sitt traust á mínar hendur og þau verkefni verða óneitanlega einstök og algjör draumaverkefni út af fyrir sig. Ég hef ávallt verið þakklát fyrir þá góðu viðskiptavinum sem ég hef átt í gegnum árin. En ef ég ætti að nefna eitthvað eitt af verkum sem standa upp úr er það Skuggahótel sem ég hannaði ásamt Helgu Sig innanhússarkitekt. Þar fengum við að ákveða allt konsept hótelsins með eigendum. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær að hanna heilt hótél.“

Hvað er það sem þér finnst gera heimili að heimili?

„Persónulegur og sjálfstæður stíll. Hlutir fólks sem segja einhverja sögu.“

Geturðu lýst þínum stíl? „Ég er með einfaldan og hráan

stíl í grunninn, frekar skandinavískan. Svo hefur heimilið einhvern veginn þróast í að verða hlýlegra og mýkra með árunum.“

Attu þér fyrirmynd í arkitektúrheiminum?

„Högn hefur alltaf verið mín fyrirmynd. En það eru margir erlendir arkitektar og hönnuðir sem ég horfi til í minni hönnun, til að mynda Tamizo-arkitektar, Joseph Dirand, Space og fleiri ungir hönnuðir. Rut og Einrúm arkitektar hafa einnig alltaf verið mínar fyrirmyndir og hef ég lært mikið af þeim í gegnum árin og sérstaklega þegar ég var að taka mín fyrstu skref sem hönnuður.“

Uppáhaldsráðgjafi þín og hvers vegna?

„Það er eitthvað við haustið sem heillar mig mest. Litabreytingar í náttúrunni, kyrrðin áður en haustlæðir skella á, lyktin í loftinu. Þetta er tími árs sem ég huga að heimilinu, kveiki á kertum þegar byrjar að rökkva, kaupi falleg, afskorin blóm, elda góðan kvöldmat og kaupi erikur í garðinn. Ég er dugleg að hreyfa mig í náttúrunni og finnst haustið svo frábært til útiveru, hvort sem það er að hlaupa eða hjóla.“

Uppáhalds litirnir þínir?

„Grænn og blár.“

Hvar liður þér best?

„Ein úti í náttúrunni að hlaupa og heima hjá mér með fólkinu mínu. Ég er mjög heimakær.“

Svalasti veitingastaðurinn á Íslandi í dag?

„Ég fór mikið á Héðin í sumar og finnst hann geggjaður, eitthvað nýtt og spennandi í veitingastaðarflórana. Svo er Rok alltaf einn af mínum uppáhalds.“

Er einhver byggingarstíll sem heillar þér meira en annar?

„Bauhaus- og funkisstíll hefur alltaf heillað mig mest. Funkisbyggingar og sjónsteypa. Það getur ekki klikkað.“ ■



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

ALHLIÐA MÚRVERK

ÞAKVIÐGERÐIR

GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND

INFO@HUSAVIDGERDIR.IS

SÍMI 565-7070

Finndu okkur á Facebook

VERKSMÍÐJUFRAMLEIDD TIMBURHÚS Í YFIR 50 ÁR

ÍSLENSK HÖNNUN
OG FRAMLEIÐSLA



Íslensk hönnun og framleiðsla tryggir vönduð hús sem standast íslenskt veðurfar.

Fjölbreytt úrval glugga, hurða, utanhúsklæðninga, þakklæðninga og vindskeiða.

Burðarviður í okkar framleiðslu er úr sjálfbærum skógum og við veljum vistvæn byggingarefni.

Hafið samband. Reynsla okkar er ykkar hagr.



Aukinn áhugi á vistvænum húsum

Fjöldi Svansvottaðra bygginga hefur þrefaldast á Norðurlöndun-um síðustu þrjú ár, að því er segir á heimasíðu Svansins. „Á Norður-löndunum eru nú hátt í 50.000 Svansvottaðar íbúðir, einbýlishús eða skólar sem eru annað hvort tilbúin eða í byggingu. „Svans-vottaðar byggingar njóta aukinna vinsælda á Norðurlöndunum og á Íslandi. Í dag eru um 18.000 Svans-vottaðar byggingar á Norðurlönd-unum og um 31.000 til viðbótar í byggingu. Á Íslandi hefur mála-

flokkurinn líka stækkað mjög hratt síðustu misseri og mörg stór verkefni í farvatninu.“ Á heimasíðu Umhverfisstofn-unar segir að með Svansvottuðu húsnæði sé unnið markvisst að því að minnka umhverfisáhrif í byggingargeiranum. Í vistvænum húsum er krafa um lága orku-notkun og rík áhersla á örugg og umhverfisvæn byggingarefni. Meginmarkmið Svansvottunar er að draga úr umhverfisáhrifum bygginga, sporna við hnattrænni



Falleg vistvæn hús hafa risið í Urriðaholti í Garðabæ.

hlýnun og vernda heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdatíma sem og þeirra sem nota bygginguna eftir að hún er tekin í notkun. Kröfurnar ná einnig til gæðastjórnunar á verkstað, en skýr stýring á umhverfisþáttum og gæðastjórnun helst oft í hendur. ■

- Hvað er hægt að votta**
- Einbýli, par-, rað- og fjölbýlishús
 - Leik- og grunnskólabyggingar
 - Þjónustuibúðir
 - Sumarbústaði



Hér stendur yurt eitt við Chatyr Kul í Than Shan-fjöllunum í Kirgistan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ævagömul einingahús

Fyrstu einingahús mannkyns-sögunnar má hæglega rekja aftur til hefðbundinna tjaldhýsa líkt og þeirra sem Inúítar og hirðingja-þjóðir í Mið-Asíu reistu til forna. Yurt-tjaldhýsin eiga uppruna sinn að rekja til Mið-Asíu og enn í dag býr stór hluti Mongóla á yurt. Húsin kallast ger á mongólsku, sem merkir heima eða heimili, en yurt á rússnesku. Yurt-tjaldhýsin eru hringlaga með keilulaga þaki. Þau voru oftast úr efnum úr umhverfinu. Í hefðbundnum yurt-húsum samantanda veggirnir af nokkrum einingum sem er raðað saman í hring. Í hverri einingu er viðar- eða bambuslengjum raðað saman í tígla mynstur. Veggeiningarnar kallast khana og má draga saman eins og harmonikkú ef þarf að



Hér má sjá inn í yurt í Kasakstan.

flytja húsið. Þá tekur allt frá 30 mínútum upp í þrjá klukkutíma að setja upp yurt. Hringlaga form gerir húsin þolin fyrir vindi og lagið gerir þau einföld að hita upp eða kæla eftir þörfum. Þaktoppurinn er oftast opinn eða með glugga til þess að beina ljósi inn í bygginguna. Svo voru húsin oftast sveipuð þæfðu ullarefni af kindum eða geitum. Í hefðbundnum yurt-húsum er oft viðararinn í miðjunni og strompur stendur upp úr miðju þakinu. Fyrstu rituðu heimildir um þessi sérkennilegu færanlegu hús komu frá gríska sagnfræðingnum Heródotusi. Lýsing hans á tjaldhýsum Skýpa minna þannig á yurt-húsin í dag. Skýpar voru hirðingjaþjóð sem hélt til norðan við Svartahaf og í Mið-Asíu frá 600 f.kr.-300 e.kr. Árið 1978 varð bandaríska fyrirtækið Pacific Yurts fyrst til þess að framleiða yurt-byggingar með nútímaaðferðum og þykkum tauefnum. Fyrirtækið ruddi leiðina fyrir vinsældir yurt-húsa sem gististaða á skíðasvæðum og tjaldstæðum. Yurt-tjaldhúsin hafa verið að ryðja sér til rúms upp á síðkastið og eru nú vinsæl víða í Bandaríkjunum og Kanada. ■

M18

EITT RAFHLÖÐUKERFI YFIR 190 VERKFÆRI

ALVÖÖRU VERKFÆRI

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVARAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is